



Aðsendar greinar

menntamál   samfélagsmál

## Kennari í hjáverkum

Melkorka Mjöll Kristinsdóttir segir hallast að því að það þurfi fyrst og fremst fleiri hendur til að sinna ungu kynslóðinni og að það kosti vissulega peninga.

f Deila

Post

Styrkja



Melkorka Mjöll Kristinsdóttir

23. janúar 2019

Hvert er hlutverk kennara?

Ég spyr mig að þessu þar sem ég hlusta úr fjarlægð á almennar umræður um átak til að fjölga kennurum í landinu.

Um leið er ég að leggja drög að því að bæstast í hóp kennara. Ég hlakka til að miðla þekkingu og eiga samtöl við nemendur. Að sumu leyti er draumurinn þó ef til vill draumsýn við núverandi aðstæður. Ég man of vel hversu erfitt það gat verið fyrir kennara að fá frið til að kenna vegna þess að það fór svo mikill tími í að hafa stjórn á stórum bekkjum með spriklandi nemendum af öllum stærðum og gerðum. Einn kennari úr gagnfræðaskóla mátti prisa sig sælan að appelsína úr nestisboxi nemanda smassaðist á töflunni fremur en í flasinu á honum sjálfum, þangað sem ferð hennar var heitið.

AUGLYSING

Er kennarastarfið ef til vill óhjákvæmilega eins og foreldrahlutverkið; þarfnast það fólks með hæfileika á öllum sviðum (meðal annars í appelsínu skotbolta) eða getur hin faglega þekking kennara fengið að njóta sín í skólastofunni öllum til hagsbóta?

Í kennararéttindanáminu var mikið fjallað um annars vegar hlutverk kennara og hins vegar hlutverk heimilisins. Þetta er vissulega þörf umræða en að hluta til kannski leit að kartöfluhöldurum, það er að segja -hver á að halda á heitu kartöflunni- eða, hver á að sinna öllu því sem er í raun ekki kennsla en sem fylgir kennslu og uppeldi?

Ég hallast að því að það þurfi fyrst og fremst fleiri hendur til að sinna ungu kynslóðinni og það kostar vissulega peninga.

Hlutverk kennarans hlýtur að einhverju leyti að vera að taka þátt í uppeldishlutverkinu og það er líka eitt af því skemmtilega við starfið býst ég við. En hversu marga kennara þarf til að sinna, með góðu móti, tuttugu halakörtum? Hefur farið fram einhver rannsókn á því? Tímum við sem samfélag að setja pening í að fjölga í markinu?

*Höfundur er með margvíslega menntun; heimspeki, lögfræði, mannfræði og á góðri leið með að öðlast kennsluréttindi í framhaldsskóla.*

Við þurfum á þínu framlagi að halda

Þú getur tekið beinan þátt í að halda úti öflugum fjölmiðli.

Við sem vinnum á ritstjórn Kjarnans viljum hvetja þig til að vera með okkur í líði og leggja okkar góða fjölmiðli til mánaðarlegt framlag svo við getum haldið áfram að vinna fyrir lesendur, fyrir fólkið í landinu.

Kjarninn varð nú ára í sumar. Þegar hann hóf að taka við frjálsum framlögum þá varð slagorðið „Frjáls fjölmiðill fyrir andvirði kaffibolla“ til og lesendur voru hvattir til að leggja fram í það minnsta upphæð eins kaffibolla á mánuði.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar á þeim nú árum sem Kjarninn hefur lifað. Í huga okkar á Kjarnanum hefur þörfin fyrir fjölmiðla sem veita raunverulegt aðhald og taka hlutverk sitt alvarlega aukist til muna.

Við trúum því að Kjarninn skipti máli fyrir samfélagið.

Við trúum því að sjálfstæð og vönduð blaðamennska skipti máli.

Ef þú trúir því sama þá endilega hugsaðu hvort Kjarninn er ekki allavega nokkurra kaffibolla virði á mánuði.

Vertu með okkur í líði. Þitt framlag skiptir máli.

Ritstjórn Kjarnans: Sunna Ósk Logadóttir, Þórhður Snær Júlíusson, Erla María Markúsdóttir, Arnar Þór Ingólfsson, Eyrun Magnúsdóttir og Grétar Þór Sigurðsson.

Já takk, ég vil styrkja Kjarnann!

Ö Færslan birtist fyrst: 23. janúar 2019, kl. 16:00

Orðafjöldi: 394

Styrkja

f Deila

Post

AUGLYSING

### Kjarninn

Þorbjörn Guðmundsson

Er íslenska velferðarkerfið ekki lengur griðarstaður þeirra sem minnst hafa?

Kjarninn · 11. janúar 2023

Takk fyrir og sjáumst á nýjum miðli á föstudag

Bréf frá ritstjóra Kjarnans vegna sameiningar við Stundina og þess að nýr framsækinn fréttamiðill verður til í lok viku.

Kjarninn · 11. janúar 2023

Sverrir Albertsson

Vatn á myllu kölska

Kjarninn · 11. janúar 2023

Berjast fyrir þorpi á barmi hengiflugs

Lítið þorp í Rínarlöndum Þýskalands er allt komið í eigu kolarisa. Fyrirtækið ætlar sér að mylja niður húsin og stækka kolanámu sína sem þegar þekur um 80 ferkílómetra. Þetta þykir mörgum skjóta skókku við í heimi sem berst við loftslagsbreytingar.

Kjarninn · 10. janúar 2023

Útvarp Saga telur fjölmiðlastyrki skapa tortryggni og bjóða upp á fræðhygli

Fjögur fjölmiðlafyrirtæki hafa til þessa skilað inn umsögnum um frumvarp Lilju Alfreðsdóttur menningar- og viðskiptaráðherra, sem mun að óbreyttu framlengja núverandi styrkjakerfi til fjölmiðla.

Kjarninn · 10. janúar 2023

Viðræðum slitið og Efling undirbýr verkfallsaðgerðir

Samtök atvinnuflísins hafa hafnað gagnþilboði Eflingar um skammtimarkjarasamning, sem kvað á um meiri launahækkanir en SA hefur samið um við aðra hópa á almennum vinnumarkaði til þessa. Efling undirbýr nú verkfallsaðgerðir.

Kjarninn · 10. janúar 2023

Fánabann og refsiaðgerðir í Palestínu í kjölfar niðurstöðu Sameinuðu þjóðanna

Degi eftir að ný ríkisstjórn í Ísrael samþykkti allsherjarþing Sp að fela Alþjóðadómstólnum í Haag að meta lögmæti hernáms Ísraelsríkis á Vesturbakkanum. Síðan þá hefur stjórnin gripið til refsiaðgerða og nú stóast fánabanns.

Kjarninn · 10. janúar 2023

Vilja sjúga sand af hafsbotni í stórum stíl og flytja út

Eftirspurn eftir íslenskum jarðefnum er gríðarleg ef marka má framkomin áform erlendra stórfyrirtækja um nýtingu þeirra. Vinsældir hafnarinnar í Þorlákshöfn eru samhlíða mjög miklar.

Kjarninn · 10. janúar 2023

FLEIRI FÆRSLUR

Morgunpósturinn

Ekki missa af neinu

Nánnar

tölvupóstfangið þitt

Senda

Meira úr sama flokki

Aðsendar greinar

Allar greinar

Þorbjörn Guðmundsson

Er íslenska velferðarkerfið ekki lengur griðarstaður þeirra sem minnst hafa?

Sverrir Albertsson

Vatn á myllu kölska

Þorghildur Sölvegar Sturludóttir

Þegar það snjóaði inn um anddyri Íslands

Meira handa þér frá Kjarnanum

Visbending

Vikurit um viðskipti, efnahagsmál og nýsköpun handa þér.

Vertu með

Styrktu sjálfstæðan íslenskan fjölmiðli með mánaðarlegu framlagi.

Morgunpósturinn

Morgunpósturinn er fyrir alla sem hafa áhuga á fréttum og þjóðfélagsumræðu. Pósturinn berst alla morgnarl

Newsletters

Get the latest on Icelandic politics, business and economics in your inbox

KJARNINN

Um Kjarnann  
Greinasafn  
Auglýstu  
Skilmálar og vafarakökur

SAMFÉLAGSMIDLAR

Facebook  
Twitter  
Instagram  
Soundcloud

MORGUNPÓSTURINN

tölvupóstfangið þitt

Skrá mig

Allur réttur áskilinn © Kjarninn miðlar ehf. 2015